

Sagafilm ehf.
Urðarhvarf 14
203 Kópavogur

Reykjavík, 26. október 2020
UST202010-183/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku við Gullfoss

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Sagafilm ehf., dagsett 19. október 2020, um leyfi til kvikmyndatöku við Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Gullfoss. Tökur fara fram á neðra bílastæðinu og á útsýnisstað við fossinn. Kort sem sýnir staðsetningu tókustaða innan svæðisins fylgir með umsókn. Vegna uppsetningar á öryggisbúnaði er nauðsynlegt að fara út fyrir afmarkað svæði við útsýnisstaðinn. Aðilar á vegum kvikmyndafyrirtækisins munu sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt og setja upp viðeigandi öryggisbúnað. Dróni verður notaður við tókurnar. Ráðgert er að fljúga honum fjórum sinnum á tveggja klukkutíma tímabili eftir flugleið sem sýnd er á korti sem fylgir umsókn. Drónanum verður flogið í 25-30 metra hæð yfir gljúfrinu. Tökur fara fram á 12 klukkutíma tímabili þann 27. október 2020. Að tókunum koma 73 manns. Öllum bifreiðum verður lagt á efra bílastæðinu. Biðlað verður til gangandi vegfarenda að sýna tillitssemi rétt á meðan tökur fara fram en þess á milli verða engar takmarkanir á umferð gesta.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur kvikmyndatökuna ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Gestir geta orðið fyrir tímabundnum truflunum á meðan tökur fara fram. Með því að fylgja þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu telur Umhverfisstofnun að hægt sé að takmarka þau áhrif sem tókurnar hafa á svæðið og gesti þess.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Sagafilm fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku við Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan þann 27. október 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga og útsýnispalla skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga og útsýnispalla að verkefni loknu.
- Óheimilt er að fara út fyrir stíga að óþörfu þar sem gróður er til staðar.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara út fyrir þá nema vegna uppsetningar á öryggisbúnaði og þess atriðis sem þar er verið að taka upp við útsýnispallinn við fossinn.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Þegar myndefnið er birt skal taka fram að tókur hafi farið fram með leyfi frá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Óheimilt er að fara undir bergbrún sem slúttir yfir syllu og gæti fallið þar sem hluti hennar vestar hefur fallið niður.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Umhverfisstofnun bendir á að hrun hefur verið á bergi í kverk fyrir neðan göngustíg. Berg sem slútti yfir svæði fyrir neðan stíg í beygju og til austurs hefur verið að gefa sig og brotna. Fara verður með gát þar sem líklega mun meira brotna frá á syllu fyrir neðan varnargirðingu fyrir neðan göngustíg þar sem áætlað er að fara fram af. Landverðir munu upplýsa þá sem að verkefni standa hvar berghrun hefur orðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir
sérfræðingur



Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur